

FRAMKVÆMDASTJÓRN SÓLHEIMA ses

Fundur framkvæmdastjórnar Sólheima ses þriðjudaginn 21 júní 2016 kl. 16.30 að Sólheimum.

Fundinn sátu;

Pétur Sveinbjarnarson, formaður
Magnús Ólafsson
Sigríður Jóna Jónsdóttir
Ómar Einarsson
Sigurjón Örn Þórsson
Óðinn Helgi Jónsson

Guðmundur Ármann Pétursson, framkvstj. sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

2. Frá framkvæmdastjóra

▪ **SIS endurmat**

Samþykkt hefur verið að 5 aðilar til viðbótar búsettir á Sólheimum fái SIS endurmat og það verði framkvæmt í byrjun júlí. Það stefnir því í að í haust hafi allir þeir einstaklingar sem upphaflega var sótt um endurmat fyrir verði komnir með endurmat.

▪ **Ferðaþjónusta / liðveisla**

Ferðaþjónusta fyrir fólk með fötlun á Sólheimum er í mjög slæmri stöðu. Bréfum lögmanns er svarað seint og ekki efnislega. Það er klárlega verið að kaupa tíma. Sólheima eru að annast akstur, nánast jafn mikið og áður en sveitafélagið tók yfir aksturinn og án greiðslu. Ef ekki þá kæmist fólk t.d. ekki til læknis eða til Reykjavíkur.

▪ **Hamrar III**

Eigendur jarðarinnar Hamra III, hafa óskað eftir viðræðum við Sólheima um að Sólheimar kaupi hluta af jörðinni, allt að 100 hektara. Samþykkt að eiga viðræður við eigendur jarðarinnar og skoða möguleika í stöðunni.

▪ **Ný verkefni**

Rætt hefur verið við opinbera aðila um fjölgun / opnun á nýju úrræði sem mögulega gæti verið í því fylgin að taka yfir verkefni sem nú er rekið.

4. Staðan í dag og næstu skref

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í félagsþjónustunni og næstu skref. Það verður í forgang í haust og vetur að fara yfir skipulag starfa, endurskipuleggja meðferðarvinnu og stuðning við einstaklinga. Auk þess að efla samheldni starfsfólks og vinnugleði. Opnun margmiðlunarstofu í vetur er á dagskrá og að fjölga ráðningum á fagmenntuðum einstaklingum.

5. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað er varðar starfsmannaveltu árána 2014, 2015 og 2016. Ágætur stöðugleiki er í starfsmannahaldi, að undanskildu árinu 2015 hjá stuðningsfulltrúum en þá voru miklar starfsmannabreytingar. Einnig var farið yfir minnisblað er varðar fasta verktöku á Sólheimum. Rætt um mikilvægi þess að gæta aðhalds.

6. Rekstraryfirlit, janúar til maí

Rekstrarstaða Sólheima verið erfið fyrstu mánuði ársins. Rekstur er að ná betra jafnvægi. Veruleg hækkun er á launakostnaði og hefur Bergrisinn hvorki bætt rekstrarhalla né afturvirka launahækkun og gerir það stöðuna til muna verri.

7. Staða samningamála

Stjórnarformaður fór yfir stöðu viðræðna við Bergrisann. Það einfaldlega gengur ekkert og ekki koma svör. Það er ljóst að nauðsynlegt er að skoða til hvaða úrræða Sólheimar geta gripið til að ná fram niðurstöðu.

8. Fjáraflanir

Sigríður Jóna ræddi um fjáraflanir og um hversu hægt gengur að koma hugmyndum til framkvæmda. Það er vilji stjórnar að sett verði upp styrktarmannakerfi. Rætt um leiðir til að safna styrktarmönnum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30.